

Borgarráð

Barnabókarverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofnað verði til Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur rithöfundar og borgarlistamanns Reykjavíkur 2017.

Greinargerð

Guðrún Helgadóttir gaf út sína fyrstu bók, Jón Odd og Jón Bjarna, árið 1974 og hefur upp frá því verið einn vinsælasti og virtasti barnabókahöfundur Íslands. Guðrún hefur sent frá sér 25 bækur, auk leikhandrita, kvikmynda og sjónvarpsþátta. Bækur Guðrúnar hafa hlotið góða dóma heima og erlendis þar sem menn hafa skipað henni á bekk með barnabókahöfundum á borð við Astrid Lindgren og Thorbjörn Egner. Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur skulu veitt fyrir óbirt handrit að barna- eða unglingabók. Tilkynna skal um verðlaunin á síðasta vetrardag þegar Barnabókarverðlaun Reykjavíkurborgar verða afhent og skulu þau fyrst veitt við sama tilefni vorið 2019. Verðlaunaféð skal vera 1 milljón króna í fyrsta sinn. Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar skal falin umsýsla verðlaunanna og færast kostnaður við verðlaun, dómnefnd og auglýsingar í ramma sviðsins.

Dagur B. Eggertsson